

Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2016

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, þingskjal nr. 897, 560. mál

Ég þakka allsherjar- og menntamálanefnd fyrir að gefa mér tækifæri til að koma að skriflegum athugasemdum vegna frumvarpsins.

Almennt séð tel ég að frumvarpið skapi góða möguleika til frekari skilvirkni í meðferð mála hjá kæruneftnd útlendingamála. Ég vil þó nota tækifærið hér og minna á að kæruneftnd útlendingamála hefur náð verulegum árangri við að stytta málsmeðferðartíma í hælismálum sem og öðrum málum sem nefndin fær til umfjöllunar. Meðalmálsmeðferðartími hælismála hefur styst úr 326 dögum á árinu 2014 (skv. tölum frá innanríkisráðuneytinu vegna jan.-okt. 2014) í 141 í dag (meðaltal síðustu þriggja mánaða). Málsmeðferðartími Dyflinnarmála hefur einnig styst úr 289 dögum í 136 daga. Þessi árangur hefur náðst þrátt fyrir fordæmalausa fjölgun hælismála. Meðalmálsmeðferðartími dvalarleyfa hefur einnig styst úr 546 dögum í 140 daga og kærumál vegna vegabréfsáritana taka nú um 30 daga að meðaltali í stað 504 daga áður.

Engu að síður er nú ljóst að nefndin mun ekki ná að auka afköst sín frekar án breytinga á þeim lagaákvæðum sem skipulag og verklag hennar byggir á. Frumvarp allsherjar- og menntamálanefndar er því forsenda þess að nefndin ráði við þá aukningu á fjölda mála sem vænta má að komi á hennar borð í ár.

Ég vil leyfa mér að gera nokkrar athugasemdir við frumvarpið og benda á fáein atriði sem e.t.v. mætti skoða nánar.

Fjölgun nefndarmanna

Miðað við það skipulag sem ég tel hagkvæmast yrði nefndinni skipt í þrjár deildir. Formaður og varaformaður myndu skipta á milli sín umsjón með þessum deildum en nákvæm verkaskipting færi eftir samsetningu þeirra mála sem nefndinni berast. Þessi uppsetning myndi kalla á átta nefndarmenn, að formanni og varaformanni meðtöldum. Ef settar yrðu upp tvær deildir, myndu sex nefndarmenn almennt duga. Það er mitt mat að þriggja deilda uppsetningin yrði hentugri til að ná markmiðum um málshraða og sérhæfingu. Ég myndi því mæla með að einum nefndarmanni verði bætt við fjölda sem allsherjar- og menntamálanefnd leggur til í frumvarpi sínu. Eðlilegt væri þá, að mínu mati, að Mannréttindastofnun Háskóla Íslands skipi þann áttunda.

Til að auðvelda tilnefningaraðilum leit að hæfu fólki má einnig skoða hvort þrír varamenn dugi, einn fyrir hvern tilnefningaraðila.

Varaformaður í fullu starfi

Það væri vissulega vel þegið að hafa varaformann í fullu starfi við hlið formanns. Ég er hins vegar ósannfærður um að slíkt fyrirkomulag sé hagkvæmt með tilliti til skilvirkni og nýtingu fjár og þeirra sveiflna sem þekktar eru í þessum málaflokki. Sé það skipulag og verklag sem frumvarpið mælir fyrir um lagt til grundvallar, og 75% af þeim 600 hælisumsóknum sem berast kunna Útlendingastofnun koma á borð nefndarinnar, benda mínir útreikningar til þess að starf varaformanns yrði um 35% af fullri stöðu. Núverandi varaformaður gegnir starfinu í um 50% stöðu en reikna má með að staðan myndi aftur ná því hlutfalli ef hælisumsóknir fara að nálgast 850-900 á ári. Fari fjöldi mála aftur niður er hætt við að nefndin sitji uppi með dýra stöðu sem erfitt yrði að laga að breyttum aðstæðum.

Ég vil því leyfa mér að leggja til að allsherjar- og menntamálanefnd skoði aftur þær forsendur sem þjuggu að baki tillögu um að gera varaformannsstöðuna að fullu starfi og hvort það fyrirkomulag sé hagkvæmasta nýtingin á því takmarkaða fé sem til ráðstöfunar er fyrir þennan málaflokk. Þá má einnig skoða þann möguleika að fela ráðherra að meta hvort varaformaður skuli skipaður í fullt starf eða í hlutastarf. Ef svo færi að þörf yrði á varaformanni í fullu starfi síðar, þá væri hægt að breyta skipun hans til að mæta breyttum þörfum.

Ákvörðun nefndar um að fela formanni eða varaformanni að úrskurða í málum

Samkvæmt frumvarpinu getur nefndin falið formanni (og varaformanni) að taka ákvarðanir í ákveðnum tegundum mála (1. mgr. 3. gr. b breyttra laga) og í þeim tilvikum þegar mál eru ekki stefnumarkandi (2. mgr. 3. gr. b breyttra laga). Af öðrum textum frumvarpsins má ráða að einstök kærsmål skulu ákvörðuð af þriggja manna nefnd. Ekki er skýrt hvort meginreglan um þriggja manna nefnd eigi líka við um ákvörðun um að fela formanni tiltekna flokka mála eða tiltekin mál eða hvort eingöngu fullskipuð nefnd geti tekið slíkar ákvarðanir. Ef hugmyndin er að sú deild sem almennt myndi hafa til umfjöllunar þau mál sem um ræðir geti falið formanni meðferð slíkra mál (þriggja manna deild) er nauðsynlegt að það komi skýrt fram í frumvarpinu.

Í tengslum við heimild nefndar til að fela formanni ákvörðun í tilteknum tegundum mála (1. mgr. 3. gr. b) vill ég bæta við að ekki er víst að nefndin muni veita formanni þessar heimildir og þar af leiðandi ekki víst að sú hagræðing sem stefnt sé að náist.

Heimildin í 2. mgr. 3. gr. b breyttra laga virðist gera ráð fyrir að ákvörðun um að fela formanni mál eigi við um einstök mál en ekki flokka eða tegund mála. Heimildin er því almennt það þung í vöfum að ólíklegt er að hún verði notuð, jafnvel þó að aðeins yrði krafist samþykki þriggja manna deildar. Til að þessi heimild nýtist væri vænlegra að gefa nefndinni heimild til skilgreina ákveðin viðmið eða tegundir mála sem formanni yrði falið að úrskurða í. Öryggisventillinn, sem settur er í síðari málslið málgreinarinnar, myndi þá tryggja að mál færi til þriggja manna nefndar þegar efnislegur vafi væri um niðurstöðu eða vafi væri á hvort mál hefði verið rannsakað á fullnægjandi hátt.

Boðun kæranda á fund nefndar

Samkvæmt frumvarpinu er réttur kæranda til að koma fyrir nefnd felldur niður og í þess stað er kærunefndinni falið að bjóða kæranda að koma fyrir nefnd ef henni þykir ástæða til. Æskilegt er að formanni og varaformanni sé einnig gefin heimild til að ákveða að kærandi komi fyrir nefnd. Að öðrum kosti yrði slík ákvörðun þung í vöfum og það gæti valdið töfum á máli. Þörfin á að kalla kærendur fyrir nefnd kemur oftast fram við skoðun starfsfólks á gögnum málsins og auðveldast væri

að formaður gæti tekið ákvörðun um boðun. Þá eru einnig líkur á því að heimildin til að boða kæranda á fund nefndar yrði nýtt sjaldnar ef bera þyrfti slíka ákvörðun undir nefnd í hvert skipti.

Ég mæli því með að formaður og varaformaður hafi, ásamt nefndinni, heimild til að bjóða kæranda til að koma fyrir nefnd.

Skipun ráðuneytis án tilnefningar

Skipun nefndarmanna án tilnefningar kann að vekja spurningar um sjálfstæði nefndarinnar gagnvart ráðuneytinu og um trúverðugleika hennar. Í greinargerð er þessi breyting ekki skýrð frekar. Til að koma í veg fyrir að þessi beina skipun skapi, eða kunni að skapa, óeðlileg tengsl á milli ráðuneytis og nefndar legg ég til að allsherjar- og menntamálanefnd skoði hvort þessi breyting sé nauðsynleg, og ef svo, hvort ástæða sé til að taka fram að starfsmenn innanríkisráðuneytisins geti ekki hlotið skipun í nefndina, þ.m.t. þeir starfsmenn sem eru í tímabundnu leyfi frá störfum sínum fyrir ráðuneytið.

Ákvæði um dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða


Í greinargerð segir að lögð sé til breyting á dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða til að tryggja vandaða málsmeðferð þegar heilbrigðisástæðum er borið við. Eina ákvæðið er varðar dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða er texti í c-lið 2. gr. frumvarpsins. Það ákvæði er þó ekki sett í þeim tilgangi sem lýst er í greinargerðinni. Ég leyfi mér því að ætla að ákvæðið sem greinargerðin vísar til hafi fallið út án þess þó að samsvarandi texti í greinargerð hafi verið fjarlægður.

Birting úrskurða nefndarinnar – heimild til að birta upplýsingar um uppruna

Samkvæmt skoðun persónuverndar frá árinu 2014 er kærunefnd óheimilt að birta viðkvæmar persónuupplýsingar. Til viðkvæmra persónuupplýsinga teljast upplýsingar um uppruna einstaklings, sbr. 8. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um persónuvernd nr. 77/2000. Til að birting úrskurða nefndarinnar, sbr. 7. mgr. 3. gr. a útlendingalaga, nái þeim markmiðum sem lýst voru í greinargerðinni með breytingalögum frá 2014, er nauðsynlegt að kærunefnd fái skýra heimild til að birta upplýsingar um upprunaland kæranda. Þó að þessi breyting sé utan við megintilgang þessa frumvarps tel ég hana mikilvæga til að ná markmiðum um tilgang birtinga úrskurða kærunefndarinnar.

Ég þakka nefndinni aftur fyrir að gefa mér tækifæri til að reifa efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt,



Hjörtur Bragi Sverrisson

formaður kærunefndar útlendingamála



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2016.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um breytingu á lögum um útlendinga nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingum (kærunefnd, fjölgun nefndarmanna), 145. löggjafarþing 2015 -2016. Þingskjal nr. 897 – 560. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp um breytingu á lögum um útlendinga. Markmið frumvarpsins er að tryggja sanngjarna og skilvirka málsmeðferð við meðferð umsókna um alþjóðlega vernd.

Skrifstofan fagnar frumvarpsbreytingum og styður eindregið tillögu um fjölgun nefndarmanna í kærunefnd útlendingamála og hvetur jafnframt til þess að nefndinni verði tryggt nægt fjármagn svo hún geti unnið sin störf á skilvirkan hátt. Þá telur skrifstofan frumvarpið fela í sér umtalsverða réttarbót fyrir innflytjendur og umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Telur skrifstofan þessar breytingar vera nauðsynlegan lið í ljósi þeirrar gífurlegu fjölgunar á umsóknum um alþjóðlega vernd sem hefur átt sér stað hér á landi undanfarið.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis
allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 17. mars 2016


Tilvísun: 2016030458HSD/–

Vísað er til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 3. mars 2016, þar sem óskað er umsagnar Persónuverndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum (þskj. 897, 560. mál á 145. löggjafarþingi).

Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

F. h. Persónuverndar


Þórunn Sveinsson


Helga Sigríður Þórhallsdóttir

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. mars 2016

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingum (kærunefnd, fjölgun nefndarmanna). Þingskjal 897 – 560. mál, lagt fram á 145. löggjafarþingi 2015-2016.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri.

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002,

með síðari breytingum (kærunefnd, fjölgun nefndarmanna).

145. löggjafarþing 2015–2016.

Þingskjal 897 — 560. mál.

Rauði krossinn á Íslandi þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar á ofangreindu frumvarpi.

Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttamanna og hælisleitenda í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Er umsögn Rauða krossins mótuð af mikilli og langri reynslu sem félagið hefur af málefnum hælisleitenda og flóttamanna. Við yfirferð frumvarpsins hefur Rauði krossinn haft til hliðsjónar grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum sem tengjast flóttafólki, hælisleitendum og alþjóðlegum fólksflutningum. Ábendingar og athugasemdir félagsins miða að úrbótum, þar sem hagsmunir stjórnvalda og þeirra einstaklinga sem í hlut eiga fara að öllu jöfnu saman.

Almennar athugasemdir

Rauði krossinn lítur svo á að greiðari og skilvirkari málsmeðferð hælisumsókna sé öllum aðilum í hag, bæði umsækjendum um hæli sem og íslenskum stjórnvöldum. Rauði krossinn tekur undir það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu um slæmar afleiðingar of langs málsmeðferðartíma hælisumsókna og telur brýnt að úrbætur verði gerðar þar á.

Frá því að Rauði krossinn á Íslandi tók að sér talsmannaðþjónustu við hælisleitendur hefur markmið stjórnvalda verið að málsmeðferðartími hælisumsókna verði að meðaltali ekki lengri en 90 dagar á hvoru stjórnarsýslustigi. Ljóst er að miklum árangri hefur verið náð varðandi málshraðann á undanförunum misserum, en þó hefur settu marki ekki verið fyllilega náð.

Rauði krossinn telur þær aðgerðir sem lagst hefur verið í nú þegar lofa góðu að mörgu leyti, en ljóst er að til þess að ná settu marki þarf fyrst og fremst að tryggja nægt fjármagn til ráðningar þess mannafla sem til þarf til þess að afgreiða megi allar umsóknir á skjótan og vandaðan máta. Nýtilkominn forgangsmeðferðarferill hjá Útlendingastofnun gengur fyrst og fremst út á að greina grundvöll hælisumsóknar hratt og örugglega strax í upphafi, meðal annars með því að taka ítarlegt og faglegt viðtal við umsækjanda um hæli þegar á fyrstu dögum eftir komu til landsins og helst innan sólarhrings frá umsókn. Telur Rauði krossinn það vera umsækjendum í hag að þeir fái tækifæri til að gera grein fyrir umsókn sinni sem allra fyrst eftir að hún er lögð fram, með fyrirvara um sérstök tilvik þar sem mælt er með sérstökum umþóttunartíma áður en hælisviðtal er tekið. Er hér meðal annars um að ræða tilvik þegar grunur vaknar um mansal, umsækjandi er illa áttaður eða á annan hátt illa í stakk búinn að segja sögu sína strax eftir komu til landsins.

Telur Rauði krossinn þannig að auka megi skilvirkni kerfisins og málshraða á báðum stjórnarsýslustigum án þess að til lagabreytinga þurfi að koma, með því að tryggja nægt starfsfólk, faglega verkferla og öfluga þjálfun starfsfólks. Samkvæmt athugasemdum við frumvarpið er tilgangur með framlagningu

Þess að auka skilvirkni kerfisins og koma í veg fyrir óeðlilegar tafir á afgreiðslu mála. Þó hefur Rauði krossinn áhyggjur af því að sumar þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu marki ekki leiðina að markmiðum um skilvirkni, heldur þvert á móti geti tiltekna breytingar haft neikvæð áhrif á skilvirkni og málshraða, auk þess að skerða réttaröryggi umsækjenda um hæli sem flóttamenn. Leggur Rauði krossinn því til nokkrar breytingar á frumvarpinu eins og það er lagt fram.

Áður en fjallað verður um athugasemdir varðandi einstaka greinar frumvarpsins vill Rauði krossinn fyrst vekja athygli á því sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins, en þar segir að lögð sé til breyting á dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða til að tryggja vandaða málsmeðferð þegar heilbrigðisástandum er borið við.

Eini staðurinn í frumvarpinu þar sem minnst er á dvalarleyfi af mannúðarástæðum er í c-lið 2. gr., en þar segir m.a. að í málum samkvæmt 12. gr. f geti nefndin, telji hún ástæðu til, gefið kæranda kost á að koma fyrir nefndina og tjá sig um efni máls eða einstök atriði þess eftir atvikum. Að öðru leyti er ekki fjallað um breytingar á reglum um dvalarleyfi af mannúðarástæðum til að tryggja vandaða meðferð þegar heilbrigðisástandum er borið við og liggur því beinast við að mati Rauða krossins að umfjöllun um þetta atriði hljóti að hafa gleymst við samningu frumvarpsins.

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

1. gr.

Rauði krossinn styður tillögu um fjölgun nefndarmanna og tillögur um að gert sé ráð fyrir að starf formanns og varaformanns nefndarinnar sé fullt starf. Í upphaflegu frumvarpi til laga um breytingar á lögum um útlandinga þar sem kærunefndin var sett á fót var gert ráð fyrir að allir nefndarmenn væru í fullu starfi, en því var breytt í meðförum þingsins, sbr. lög nr. 64/2014 um breytingar á lögum um útlandinga nr. 96/2002.

Með ákvæðinu er lagt til að fallið verði frá kröfum um sérþekkingu nefndarmanna á málefnum flóttamanna og varðandi rétt til alþjóðlegrar verndar, þar sem erfitt sé að finna einstaklinga er uppfylli þær kröfur. Ekki er fallið frá kröfu um sérþekkingu á málefnum útlandinga. Telur Rauði krossinn það koma til greina að gera kröfu um sérþekkingu á mannréttindum, enda sé slíka sérþekkingu að finna víðar en þá sem áður er nefnd.

2. gr.

Með 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til viðtækar heimildir fyrir nefndina að fela formanni eða varaformanni að úrskurða einir í málum í tilteknum tilvikum. Hefur frumvarpið að geyma afar viðtæka og nokkuð ítarlega lýsingu á þeim heimildum og verða því gerðar athugasemdir við heimildirnar, hverja fyrir sig.

A-liður 2. gr. – Heimild til þess að fela formanni að úrskurða í tilteknum málum

Í a-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að nefndinni verði heimilt að fela formanni að úrskurða í þeim málum sem nefndin hefur til meðferðar og varða *vegabréfsáritanir, ákvarðanir er varða málsmeðferð* hjá Útlendingastofnun og *frestun réttaráhrifa* ákvarðana Útlendingastofnunar og kærunefndarinnar.

1) Ákvörðun um frestun réttaráhrifa

Hvað varðar mál þar sem Útlendingastofnun hefur ákveðið að kæra fresti ekki réttaráhrifum ítrekar Rauði krossinn þá afstöðu sína að eðlilegt sé að kæra fresti réttaráhrifum sjálfkrafa í máli vegna

umsóknar um hæli sem flóttamaður, svo sem nánar verður vikið að síðar. Slíkt fyrirkomulag einfaldar málsmeðferð hælisumsóknar til muna, minnkar vinnu kæruneftdarinnar þar sem ekki er þá lengur þörf á að taka rökstudda afstöðu til beiðni um frestun réttaráhrifa, auk þess sem frestun réttaráhrifa hinnar kærðu ákvörðunar eykur þrýsting á kæruneftndina að gæta að málshraða í kæruférlinu. Heimild til synjunar um frestun réttaráhrifa er í reynd fremur til þess fallin að auka álag á stjórnsýsluna og hægja á málsmeðferð auk þess sem réttaröryggi umsækjenda er verr tryggt. Telur Rauði krossinn það því sameiginlegan hag allra viðkomandi að kæra fresti réttaráhrifum sjálfkrafa í málum er varða umsókn um hæli.

Flutningur umsækjanda úr landi í kjölfar synjunar er í höndum lögreglunnar. Reynslan sýnir að misjafnt er hversu langur tími líður fram að flutningi viðkomandi úr landi, en það eru að jafnaði ekki minna en 2-3 vikur. Þegar um „bersýnilega tilhæfulausar“ umsóknir er að ræða að mati stjórnvalda, svo sem þegar umsækjandi byggir umsókn sína á efnahagsástæðum eingöngu, ætti kæruneftndin að geta afgreitt málið á stuttum tíma og kemur þá ekki að sök hvað þjónustukostnað varðar þó viðkomandi fái að dvelja í landinu á meðan málið er enn til meðferðar. Það sparar á hinn bóginn stjórnvöldum og öðrum sem að málinu koma hins vegar bæði tíma og fyrirhöfn að þurfa ekki fyrst að huga að umsókn um frestun réttaráhrifa.

2) Kærandi er ríkisborgari „öruggs ríkis“

Með frumvarpinu er hér lagt til að nefndinni verði heimilt að fela formanni að úrskurða einum í málum er varða umsókn um hæli ef kærandi er ríkisborgari ríkis sem er á lista yfir örugg ríki, sbr. 3. mgr. 50. gr. d. laga um útlendinga nr. 96/2002.

Rauði krossinn hafnar hugmyndum um lista yfir örugg ríki þar sem þeir eru til þess fallnir að koma í veg fyrir að umsókn um hæli hljóti sömu skoðun og aðrar. Svar við þeirri ábendingu hefur gjarnan verið það að sé vafi talinn leika á um að umsókn sé bersýnilega tilhæfulaus verði umsóknin tekin úr forgangsférlu og þess gætt að hún hljóti vandlega meðferð. Sé því svo farið telur Rauði krossinn ljóst að listinn sé með öllu óþarfur enda séu stjórnvöld fullfær um að greina á milli bersýnilega tilhæfulausra umsókna og annarra án tilvísunar til slíks lista.

Í þessu samhengi er rétt að minna á 3. gr. Flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna sem leggur bann við því að mismuna flóttamönnum eftir ættlandi. Ef stjórnvöld fara þá leið að meta umsóknir eingöngu eftir heimalandi umsækjanda leiðir það til ómálefnalegrar málsmeðferðar byggða á staðalímyndum í stað þess að meta sjálfstætt út frá aðstæðum hvers og eins hverjar séu raunverulegar ástæður fyrir flóttu og hvort líkur séu á að verið sé að senda fólk í hættu í heimalandi sínu. Einstaklingsbundið mat á aðstæðum hverju sinni er kjarni flóttamannahugtaksins og nauðsynlegt til að unnt sé að virða grundvallarreglu þjóðaréttar um bann við því að vísa fólki brott eða endursenda þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu (*non-refoulement*) reglu sem lögfest er í 45. gr. laga um útlendinga. ECRE (*European Council on Refugees and Exiles*) hefur t.a.m. ítrekað beint þeim tilmælum að ríkjum Evrópusambandsins að hverfa frá notkun lista yfir örugg ríki, þar sem slíkar reglur leiði til staðalímynda og óvandaðri málsmeðferðar, svo hætta skapast á því að fólk sé flutt nauðugt þangað sem það er í hættu. Hælisumsóknir ber að meta sjálfstætt út frá hverjum einstaklingi, á grundvelli hlutlægra og nýjustu upplýsinga um stöðu mála í heimalandi og aðstæðum viðkomandi einstaklings.

3) Útlendingastofnun hefur metið umsókn bersýnilega tilhæfulausa

Með frumvarpinu er lagt til að nefndinni verði heimilt að fela formanni að úrskurða einum í málum er varða umsókn um hæli ef Útlendingastofnun hefur afgreitt málið á grundvelli b– e-liðar 1. mgr. 50. gr. d. Er hér um að ræða þau tilvik þegar Útlendingastofnun hefur metið umsókn bersýnilega tilhæfulausa, umsækjandi hefur gefið ófullkomnar eða misvísandi upplýsingar til stuðnings umsókn sinni, um

endurtekna umsókn er að ræða eða ef víst má telja að umsókn sé lögð fram til þess að tefja fyrir framkvæmd ákvörðunar um brottvísun.

Rauði krossinn leggst almennt gegn því að nefndinni verði gert heimilt að fela formanni að úrskurða einn um synjun í máli er varðar umsókn um hæli. Hvað varðar heimild formanns til þess að úrskurða einn í málum er varða umsókn um hæli, telur Rauði krossinn það aðeins koma til greina að heimila slíkt í þeim málum þar sem umsækjandi byggir umsókn sína á efnahagsástæðum eingöngu og ekki er ástæða til að ætla að aðrar ástæður liggi að baki umsókninni. Rauði krossinn telur réttaröryggi umsækjenda um hæli ekki nægilega tryggt með því að einskorða slíka málsmeðferð við umsóknir sem Útlendingastofnun hefur metið bersýnilega tilhæfulausar, enda byggir það mat í sumum tilvikum á forsendum sem Rauði krossinn getur ekki fallist á, svo sem á því að heimaland umsækjanda sé á lista stjórnvalda yfir örugg ríki. Rauði krossinn leggst sem fyrr gegn slíkum listum.

B-liður 2. gr. – Heimild til að fela formanni að úrskurða einn í málum sem nefndin telur ekki fela í sér stefnumótandi ákvarðanir

Sem fyrr segir leggst Rauði krossinn almennt gegn því að fela megri formanni að úrskurða einum í málum vegna umsóknar um hæli. Þó leggst Rauði krossinn sérstaklega gegn þeirri breytingu sem lögð er til með b-lið 2. gr. frumvarpsins, en þar er lagt til að nefndinni verði einnig heimilt að fela formanni að úrskurða einn í öðrum málum „sem nefndin telur ekki fela í sér stefnumótandi ákvarðanir“. Telur Rauði krossinn þessa heimild of víðtæka, ekki síst í ljósi þess að með núverandi framkvæmd laganna eru þau túlkuð mjög þröngt. Þá er ljóst að þær ákvarðanir Útlendingastofnunar sem eru til umfjöllunar hjá kæruneftndinni fela í sér neikvæða niðurstöðu fyrir umsækjanda, enda eru jákvæðar niðurstöður að jafnaði ekki kærðar. Eðli málsins samkvæmt mun staðfesting kæruneftndarinnar á neikvæðri niðurstöðu Útlendingastofnunar því ekki fela í sér stefnumarkandi ákvörðun. Hins vegar má gera ráð fyrir að í flestum tilfellum sé um einhverskonar stefnumörkun og jafnvel stefnubreytingu að ræða þegar ákvörðun Útlendingastofnunar er snúið við. Er því hætt við að heimild sem þessi myndi virka sem hvati til staðfestingar á ákvörðunum Útlendingastofnunar, og þar með til synjunar á kröfum kæranda, þar sem mun minni vinna fælist þá í því fyrir kæruneftndina að staðfesta synjanir heldur en að fallast á kröfur kæranda. Dregur slíkt fyrirkomulag ennfremur úr tilgangi kæruneftndarinnar, sem er að tryggja rétt umsækjanda til þess að fá ákvörðun í máli sínu endurskoðaða af sjálfstæðum og óhlutdrægum úrskurðaraðila.

Þess má geta að þegar hælismáli er lokið í stjórnsýslunni á hælisleitandi ekki rétt á túlkabjónustu eða annarri þjónustu til að undirbúa málshöfðun fyrir dómstólum og það getur gert kærueftndið þýðingarlítið.

Leggur Rauði krossinn til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að nefndinni verði einungis heimilað að fela formanni að *samþykka* frestun réttaráhrifa í kærumáli vegna umsóknar um hæli.

C-liður 2. gr. – Réttur kæranda til að koma fyrir nefndina

Að mati Rauða krossins er mikilvægt að tryggja að umsækjendur um alþjóðlega vernd eigi kost á að tjá sig munnlega um eigið mál óski þeir þess. Rauði krossinn telur að nauðsynlegt sé að skýra verklag í tengslum við viðtöl kæruneftndar útlendingamála við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Til þess þurfi hins vegar ekki lagabreytingu. Nægilegt sé að nefndin upplýsi talsmann umsækjanda um það hvort lagðar verði spurningar fyrir umsækjanda í viðtali hjá nefndinni. Þá getur umsækjandi tekið upplýsta ákvörðun um það hvort hann telji nauðsynlegt að mæta til viðtals.

Leggur félagið því til að umsækjandi um alþjóðlega vernd eigi kost á að velja hvort málsmeðferð sé munnleg, skrifleg eða hvort tveggja.

3. gr.

a-c-liður – Frestun réttaráhrifa

Með 3. gr. frumvarpsins er lagt til að kæra fresti ekki réttaráhrifum þegar um er að ræða ákvörðun þar sem synjað er um hæli og mannúðarleyfi og umsækjandi kemur frá ríki sem er á lista yfir örugg upprunaríki. Ákvæði 32. gr. laganna eins og það er fyrir kveður á um að kæra fresti ekki réttaráhrifum í málum þar sem synjað er um efnismeðferð umsóknar á grundvelli 46. gr. a laganna, í málum þar sem þar sem útlendingurinn á umsókn um hæli til meðferðar í öðru landi eða slíkri umsókn hefur verið hafnað þar og í málum þar sem Útlendingastofnun telur augljóst að umsækjandi sé hvorki flóttamaður né eigi ekki rétt á viðbótarvernd.

Eins og staðan er er ávallt heimilt að óska eftir frestun réttaráhrifa, á grundvelli 3. eða 4. mgr. 32. gr. laganna eins og þau eru fyrir, eða með vísan til 29. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Rauði krossinn gerir alvarlegar athugasemdir við þá breytingu sem lögð er til með 3. gr. frumvarpsins, enda leiðir breytingin til verulegrar skerðingar á réttaröryggi umsækjenda frá nefndum ríkjum. Í þessu samhengi er rétt að ítreka að 29. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 kveður á um almenna heimild til frestunar réttaráhrifa kærðrar ákvörðunar. Stjórnsýslulögin taka til allrar stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga en í þeim er kveðið á um lágmarkskröfur til stjórnsýslunnar.

Eru hér teknar allar heimildir af stjórnvöldum til þess jafnvel að fresta réttaráhrifum vegna kæru í málum þar sem Útlendingastofnun telur umsækjanda koma frá „öruggu ríki“. Er hér um að ræða verulega skerðingu á réttaröryggi. Afar mikilvægt er að ávallt sé fyrir hendi heimild fyrir stjórnvald að fresta réttaráhrifum ákvörðunar vegna kæru. Má í þessu samhengi nefna að dæmi eru um það að kærunefnd útlendingamála hafi snúið við ákvörðun Útlendingastofnunar í máli umsækjanda frá heimaríki sem Útlendingastofnun er með á lista yfir örugg ríki. Hefðu lögin þá verið eins og hér er lagt til er ljóst að umsækjendum í þeim málum hefði verið gert að yfirgefa landið þegar eftir ákvörðun Útlendingastofnunar og hefðu stjórnvöld ekki haft neinar heimildir til þess að koma í veg fyrir það.

Rauði krossinn hefur áður bent á að í *Handbók um réttarstöðu flóttamanna* segir í vii-lið 192. mgr. að „[v]eita skuli umsækjanda dvalarleyfi í landinu þar til bært yfirvald [...] hefur meðhöndlað upprunalega umsókn hans og tekið ákvörðun um hana nema yfirvald þetta hafi sýnt fram á að umsóknin sé augljóst dæmi um misnotkun á samningnum. *Umsækjandi ætti einnig að fá að dveljast í landinu á meðan kæra hans til æðra stjórnvalds eða dómstóla er til meðferðar.*¹

Rauði krossinn tekur undir framangreint með Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna sem leggur áherslu á að virk kærumeðferð sé óaðskiljanlegur hluti réttlátrar og skilvirkar málsmeðferðar hælisumsókna. Í þessu sambandi má benda á að töluverður fjöldi flóttamanna í Evrópu fær ekki viðurkenningu á stöðu sinni fyrr en að lokinni kærumeðferð. Í því samhengi er ljóst að kærumeðferð og frestun réttaráhrifa synjunar á fyrsta stigi getur verið mikilvæg trygging þess að þeir sem eru í þörf fyrir alþjóðlega vernd fái þá vernd sem þeir eiga rétt á því, þar sem ekki er unnt að útiloka með öllu, sbr. það sem að ofan segir, að röng ákvörðun sé tekin á fyrsta stigi málsmeðferðar.

¹ Skáletraða textann vantar inn í íslenska þýðingu á *Handbók um réttarstöðu flóttamanna*. Enski textinn er svohljóðandi: The applicant should be permitted to remain in the country pending a decision on his initial request by the competent authority referred to in paragraph (iii) above, unless it has been established by that authority that his request is clearly abusive. He should also be permitted to remain in the country while an appeal to a higher administrative authority or to the courts is pending.

Frestun réttaráhrifa ákvörðunar lægra setts stjórnvalds er því mjög mikilvægt úrræði til að tryggja að grundvallarreglan um bann við endursendingu (*non-refoulement*) sé ekki brotin. Ef hins vegar hælisumsækjanda er ekki gert kleift að bíða niðurstöðu kærumeðferðar í hælilandinu er sem fyrr segir mikil hættu á að úrræði hans til að fylgja eftir kærui og fá henni breytt verði lítils virði. Rauði krossinn mælist því eindregið til þess að sé neikvæð ákvörðun Útlendingastofnunar kærð til æðra stjórnvalds fresti kærui sjálfkrafa framkvæmd réttaráhrifa en að æðra stjórnvald sé þannig í stakk búið að geta afgreitt kærui á tiltölulega skömmum tíma. Rétt er að nefna að í frumvarpi þingmannanefndar um heildarendurskoðun á útlendingalögum er gert ráð fyrir því í 35. gr. að kærui fresti sjálfkrafa réttaráhrifum ákvörðunar Útlendingastofnunar.²

Vísast hér einnig til fyrri umfjöllunar varðandi lista yfir örugg upprunaríki. Sé það ekki ætlunin að skerða gæði málsmeðferðar vegna umsókna fólks frá þeim ríkjum sem talin eru „örugg upprunaríki“ er ljóst að ákvæðið er með öllu óþarft, enda ætti stjórnvöldum þá að vera fullfært að meta það í hverju tilviki fyrir sig hvort umsókn verði talin „bersýnilega tilhæfulaus“ eður eigi.

Sé ákvörðun Útlendingastofnunar neikvæð verður kæruiheimild að vera raunhæft úrræði sem felur í sér að framkvæmd frávísunar/brottvísunar skuli sjálfkrafa frestað þar til að úrskurður æðra stjórnvalds liggir fyrir. Á þann hátt er tryggt að ákvæðið fari ekki í bága við 13. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um rétt til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns.

Í lok skýringa við 3. gr. frumvarpsins í athugasemdum með frumvarpinu segir: „Það áréttast að ekki er slegið af neinum kröfum til málsmeðferðar á fyrsta stjórnslustigi“. Ástæða er hér til að áréttu þá athugasemd Rauða krossins að sé það ekki ætlunin að slá af kröfum til málsmeðferðarinnar er listi yfir örugg ríki með öllu óþarft, enda geta stjórnvöld hæglega metið í hverju tilviki fyrir sig hvort umsókn sé talin „bersýnilega tilhæfulaus“ án allrar tilvísunar til slíks lista.

Rauði krossinn mælist eftir sem áður eindregið til þess að sé neikvæð ákvörðun Útlendingastofnunar kærð til æðra stjórnvalds fresti kærui sjálfkrafa réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Verði ekki fallist á það mælist Rauði krossinn eindregið til þess að 3. gr. frumvarpsins verði felld brott.

4. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að Útlendingastofnun verði skylt að birta upplýsingar um málsmeðferð þegar umsókn um hæli er móttækin. Er breytingin lögð til vegna aukinnar áherslu á að Útlendingastofnun eigi sem fyrst aðkomu að hælismáli og að dregið verði úr aðkomu lögreglu.

Rauði krossinn gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

